



Fundargerð

1420. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn á Tjarnargötu 12
25. maí 2023, kl. 08:15

Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Margrét A. Sanders og Valgerður Björk Pálsdóttir

Að auki sátu fundinn Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Birgir Ö. Birgisson frá Consensa kom inn í gegnum fjarfundarbúnað.

* * *

1. Greiningarvinna á menningarhúsum (2022110463)
Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs og Haraldur Árni Haraldsson skólastjóri
Tónlistarskóla Reykjanesbæjar mættu á fundinn.
Skýrsla Guðrúnar Lilju Gunnlaugsdóttur hönnuðar og deildarstjóra nýsköpunar hjá Borgarbókasafni Reykjavíkur yfirfarin.
2. Stofnun grunnskóla í Reykjanesbæ (2023050489)
Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs mætti á fundinn.
Lagt fram bréf frá Framsýn menntun ehf.
Bæjarráð óskar eftir nánari kynningu fyrir bæjarstjórn og fræðsluráð.
~~Bæjarráð leggur til að forsvarsmenn Framsýnar menntunar ehf. verði boðaðir á fund bæjarstjórnar.~~
3. Gagnvirkt innkaupakerfi (2022100267)
Birgir Ö. Birgisson frá Consensa, Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs og Kristinn Jakobsson innkaupastjóri mættu á fundinn.
Bæjarráð samþykkir drög að samningi um gagnvirkt innkaupakerfi (aðferðafræði) og felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að vinna áfram í málinu.
4. Skipulag skógræktar (2023050164)
Berglind Ásgeirsdóttir umhverfisstjóri, Gunnar Ellert Geirsson deildarstjóri umhverfismála og Gunnar Kr. Ottósson skipulagsfulltrúi mættu á fundinn.
Almennar umræður um framtíðarsýn skógræktar á landi sveitarfélagsins.
5. Ársreikningur – greining á launum og launatengdum gjöldum (2023040104)

Ársreikningur sveitarfélagsins er gerður samkvæmt lögum um ársreikninga sveitarfélaga og því mun sveitarfélagið fylgja þeim reglum áfram. Á innri vef Reykjanesbæjar hafa sveitarstjórnarfulltrúar aðgang að þessum upplýsingum.

6. Kjarasamningar 2023 – verkfallsboðun (2022120246)

Lögð fram tilkynning frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um niðurstöðu atkvæðagreiðslu félagsmanna Starfsmannafélags Suðurnesja um verkföll.

Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri fór yfir málið.

7. Umsögn vegna rekstrarleyfis - Keflavík Micro Suites ehf. Hafnargata 65 (2023040243)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um rekstrarleyfi í flokki II-B. Lagðar fram umsagnir byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar, Brunavarna Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Bæjarráð samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti með vísan til fyrirbyggjandi umsagna.

8. Fundargerð aðalfundar Kólku sorpeyðingarstöðvar sf. 18. apríl 2023 (2023040389)

Fundargerð lögð fram til kynningar.

9. Fundargerð Svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja 4. maí 2023 (2023010630)

Fundargerð lögð fram til kynningar.

10. Fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 16. maí 2023 (2023020242)

Fundargerð lögð fram til kynningar.

11. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 17. maí 2023 (2023010560)

Fundargerð lögð fram til kynningar.

12. Umsagnarmál í samráðsgátt (2023030286)

Drög að reglugerð um málsmeðferð við setningu skipulagsreglna fyrir flugvelli

[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3472](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3472)

Umsagnarmál lagt fram.

13. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis (2023020682)

Frumvarp til laga um breytingu á kosningalögum, nr. 112/2021 (lækkun kosningaaldurs), 497. mál

<https://www.althingi.is/alttext/pdf/153/s/0599.pdf>

Umsagnarmál lagt fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:40